

Markmið

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald og nýttist honum í áframhaldandi námi. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra en gefi þeim um leið persónulegt útlit.

Kennsluáðferðir/vinnulag

Nemendur fá þjálfun í að vinna eftir ákveðnu hönnunarferli í Hönnun og smíði. Þ.e. að fá hugmynd, koma henni frá sér í formi skissu eða vinnuteikningar sem svo er smíðað eftir. Þannig fá nemendur þjálfun í að fylgja hugmyndum sínum eftir allt frá hugmynd að lokaafurð.

Kennari leggur inn verkefni, fer yfir þau verkfæri og vinnuáðferðir sem nota á í hverju verkefni með sýnikennslu, útskýringum og farið yfir öryggisþætti t.d. hlífðarbúnað og vinnustellingar. Í þessu ferli myndast oft umræða þar sem nemendur greina frá þekkingu sinni og spyrja frekari spurninga. Þegar nemendur hefja vinnu gengur kennari á milli nemenda og aðstoðar eftir þörfum.

Námsmat

Námsmat fer fram í vefkerfinu Mentor.is þar sem lögð eru fyrir ákveðin matsviðmið úr Aðalnámskrá. Kennari metur og skráir inn færni nemenda í hverjum þætti fyrir sig.

Matið er skráð með litakvarða þar sem;

Blátt = Framúrskarandi

Grænt = Hæfni náð

Gult = Á góðri leið

Rautt = hæfni ekki náð

Viðmið og mat kennara miðast við aldur og fyrri getu nemenda og eru unnin upp úr Aðalnámskrá grunnskólana eins og áður segir.

Námsgögn

Notast er við efni / verkefni frá kennara.

Nemendur velja og nota þau verkfæri og yfirborðsmeðhöndlanir sem henta hverju verkefni.